

Truenorth ehf.
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík

Reykjavík 12. september 2018
UST201808-117/P.B.S.
09.06.01

Efni: Umsókn um kvikmyndatökuleyfi – Geysir - breyting

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Truenorth fyrir hönd ARD, dagsett 16. ágúst sl., um leyfi til að kvikmynda innan Geysissvæðis þann 18. september 2018.

Geysir er á náttúruminjaskrá og er í umsjón Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um kvikmyndaleyfi þann 18. september n.k. á Geysissvæðinu, nánar tiltekið við Gamla Geysi og á göngustígum á svæðinu. Áætlað er að hafa 3 tækjabíla og two aðstöðubíla á bílastæðum. Fjöldi starfsmanna sem munu koma að verkefninu eru 55. Í umsókninni kemur fram að hugsanlega sé þörf á því að fara út fyrir bönd við gamla Geysi en því yrði haldið í lágmarki. Vatni verður sprautað á leikara eins og um gos væri að ræða, í litlu magni. Umsækjandi telur að ekki verði rask á jarðvegi, gróðri eða dýralífi.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur að framkvæmdin eins og henni er lýst af hálfu umsóknaraðila muni ekki valda neikvæðum áhrifum á verndargildi svæðisins ef farið er eftir neðangreindum skilyrðum. Gera má ráð fyrir að framkvæmdin mun valda tímabundinni truflun á upplifun gesta svæðisins, þar sem mikill fjöldi sækir svæðið dag hvern.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvikmyndatöku við Geysi þann 19. september n.k. að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Óheimilt er að fara út fyrir merkta göngustíga og bönd til verndar hverahrúðri.
- Vinsamlega hafið þetta bréf meðferðis á meðan verkefninu stendur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Verði breytingar á tímasetningu verkefnis skal það tilkynnt til Umhverfisstofnuna með að minnsta kosti 5 daga fyrirvara, sé þess kostur. Að öðru leyti eins fljótt og auðið er.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allt rusl verði fjarlægt.

- Koma skal fyrir merkingum á tökustað um að leyfi fyrir framkvæmdinni hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Kynna skal fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Takmarka skal þann tíma sem kvíkmynda er eins og kostur er með tilliti til upplifun annarra gesta á svæðinu.


Leyfi sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfallst

Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri



Valdimar Kristjánsson
Sérfræðingur